

Reykjavík, 7. apríl 2021

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarvogs

Sendandi: Árni Guðmundsson, fulltrúi íbúasamtaka í íbúaráði Grafarvogs

Efni: *Erindi fulltrúa íbúasamtaka í íbúaráði Grafarvogs um veggjakrot í Grafarvogi.*

Veggjakrot er því miður aftur orðið áberandi í hverfinu okkar og er því miður sums staðar farið að minna á ástandið í miðbænum. Þetta er ekki einungis hvítleiður sóðaskapur heldur eru þetta alvarleg skemmdarverk, bæði á eignum borgarinnar (okkar allra) og eignum í einkaeigu. Hér eru örfáar lýsandi myndir :









Ég legg til að ráðið skori á borgaryfirvöld að skera upp herör gegn þessu og fá almenning sem og stofnanir (lögreglu, þjónustustofnanir, forvarnarfulltrúa, skóla og félagsmiðstöðvar skólanna og fl.) til að taka þátt í þessu átaki. Það er vel hægt að stöðva þessi skemmdarverk að mestu með samvinnu allra. Upplagt að hvetja almenning til að láta vita af skemmdarverkum strax og þau sjást, t.d. á fb síðum og svo máli aðilar á vegum borgarinnar yfir samdægurs.